

Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Samkvæmt reglugerð nr. 654/2009 eiga framhaldsskólar að setja sér móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Áætlunin skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni, færni á öðrum námssviðum og af þeirri kennslu og stuðningi sem skólinn veitir. Markmiðið er að nemendur verði færir um að skilja og nota íslenskt mál, stunda nám í framhaldsskóla og taka virkan þátt í íslensku samfélagi.

Í reglugerðinni er kveðið á um að:

- a. unnið sé í nánú samstarfi við þann grunnskóla hér á landi sem nemandi kemur frá, sé um slíkt að ræða,
- b. skóli safni upplýsingum um bakgrunn nemenda og aðstæður foreldra, til að geta mætt einstaklingsbundnum þörfum þeirra sem best,
- c. gerð sé einstaklingsnámskrá sem taki mið af bakgrunni og málavæði nemenda, tungumálafærni, kunnáttu og hæfni á öðrum námssviðum,
- d. skipulagt sé samráð milli starfsfólks og sérfræðinga innan skólans um málefni nemenda,
- e. nemendum sé tryggður aðgangur að náms- og starfsráðgjöf skólans,
- f. styrkt séu félagsleg tengsl og gagnkvæm félagsleg aðlögun milli erlendra nemenda og íslenskra til að rjúfa félagslega einangrun, sé hún til staðar,
- g. í upplýsingagjöf til nemenda og foreldra sé gerð grein fyrir helstu starfsháttum skóla, þjónustu, samstarfi og reglum,
- h. tryggt sé að upplýsingar um annan stuðning séu fyrir hendi, s.s. um heimanám og aðra aðstoð, túlkþjónustu, samstarf við heimilin, foreldraviðtöl og -fundi, þjónustu í hverfi og nærsamfélagi og samstarf við stofnanir utan skóla,
- i. tryggt sé upplýsingagjöf til nemenda og foreldra um starfsemi skólans utan lögbundinnar kennslu, s.s. um félags- og tómstundastarf og íþrótt- og æskulýðsstarf.

Í Framhaldsskólanum í Vestmanneyjum er áfangakerfi. Gerðar eru sömu námskröfur til nemenda með annað móðurmál en íslensku og þeirra sem búsettir hafa verið erlendis um langt skeið og hafa litla kunnáttu í móðurmálinu. Nemendurnir stunda nám í íslensku samhliða öðrum nemendum eftir því sem kostur er. Skólinn skoðar hverju sinni þörf á sérstöku námsframboði í íslensku og sérúrræðum í öðrum áföngum ef þess þarf.

Innritun nemenda

Nemendur innrita sig í gegnum heimasíðu [Menntamálastofnunnar](#) en geta einnig haft samband við skrifstofu skólans og fengið aðstoð við umsóknina. Námsráðgjafi boðar nemendur ásamt forráðamönnum í móttökuvíðtal eftir innritun.

Móttökuvíðtal

Námsráðgjafi boðar nýnema og foreldra/forráðamenn hans í móttökuvíðtal. Túlkur er viðstaddur ef þess er þörf og sér skólinn um að útvega hann.

Í viðtalinu er farið yfir bakgrunn og aðstæður nemandans með það að markmiði að skólinn geti mætt einstaklingsbundnum þörfum hans. Þegar nemandinn kemur úr íslenskum grunnskóla óskar náms- og starfsráðgjafi skriflegs samþykkis forráðamanna fyrir upplýsingaöflun þaðan.

Nemanda og forráðamönnum eru veittar upplýsingar um starfshætti skólans, þjónustu og skólareglur. Farið er yfir þjónustu og stuðning sem stendur nemanda til boða s.s. náms- og starfsráðgjöf og námsstuðning sem í boði er.

Gerð einstaklingsnámskrár fyrir nemendur

Þeir áfangar sem nemandi er skráður í eru valdir í samráði við hann og miða við hans námsgetu. Nemandinn byrjar á að taka íslensku á 1. þepi. Við skipulag námsins er lögð áhersla á að nemandinn sé í einnig í almennum áföngum með íslenskum nemendum til að styrkja félagsleg tengsl og gagnkvæma félagslega aðlögun milli erlendra og íslenskra nemenda.

Námið fyrstu annirnar er skipulagt með nemanda í samræmi við hans áhugasvið, hæfni og getu. Einnig er metið hvort þörf sé á frekari stuðningsúræðum.

Skipulag samstarfs milli kennara og sérfræðinga innan skólans

Samstarf er á milli kennara sem kenna nemendum með annað móðurmál en íslensku. Námsráðgjafi eða umsjónarkennari miðla upplýsingum til þeirra kennara sem kenna viðkomandi nemendum.

Námsmat og eftirfylgni

Allir nýnemar hitta umsjónarkennara sinn reglulega fyrsta skólaárið, fylgst er með ástundun og árangri. Gerðar eru sömu kröfur til nemenda af erlendum uppruna og annarra nemenda. Þeir eiga rétt á ýmsum sérúræðum s.s. að taka próf í sér stofu, lengri próftíma og munnlegt próf í stað skriflegs þegar við á. Aðstoðarskólameistari fer yfir hvort nemandi geti fengið móðurmál sitt metið til eininga í stað dönsku eða sem valeiningar. Aðstoðarskólameistari aðstoðar nemandann við að finna og stöðupróf í móðurmáli.